



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2019.

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn. 150. löggjafarþing 2019-2020, þskj. 88, 88. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn.

MRSÍ styður tillöguna og tekur undir þau sjónarmið er vísað er til í texta hennar, og koma fram í bókinni *Siðfræði lífs og dauða* eftir Vilhjálm Árnason, að ekki megi ýta til hliðar þeim brýnu hagsmunum barns að fá að vita um uppruna sinn til þess eins að bæta úr barnleysi og lina þær þjáningar sem því kunna að fylgja. Með því skapist hætta á að farið sé að „nota barnið sem tæki til að þjóna markmiðum foreldra en horft framhjá því að það er einstaklingur með sjálfstæð réttindi og hagsmuni“.

MRSÍ tekur og undir með flutningsmönnum tillögunnar um mikilvægi þess að réttindi einstaklings sem getinn er með gjafakynfrumum séu sett í forgrunn og honum tryggður með lögum sjálfstæður réttur til að fá upplýsingar um uppruna sinn. Áréttuð er vísan í tillögunni til laga nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, einkum 3. gr., 6. gr. og 12. gr.

Skrifstofan hvetur til þess að þingsályktunin verði samþykkt svo að dómsmálaráðherra geti ráðist í gerð frumvarps þess efnis.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri